

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 27. nóvember 1990

**um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE****(90/667/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bandalaginu ber að samþykkja ráðstafanir til að koma hinum innri markaði á í áföngum á tímabili sem lýkur 31. desember 1992.

Búfjárrækt gegnir mikilvægu hlutverki í landbúnaði innan bandalagsins. Auk þess er hætt við að lifandi smitefni berist með skepnuúrgangi í umhverfinu, sé honum ekki fargað á réttan hátt, og dragi þannig úr framleiðni og arðsemi á þessu sviði. Því ber að setja samhæfðar reglur um vinnslu skepnuúrgangs og markaðssetningu vara sem unnar eru úr þeim.

Í þeim ráðstöfunum sem gera skal verður að taka mið af eðli hráfnisins sem er notað.

Til að komast hjá hættu á útbreiðslu lifandi smitefna ber að vinna skepnuúrgang í viðurkenndum vinnslustöðvum, sem eru undir eftirliti, eða farga þeim á annan viðeigandi

hátt. Að auki ber að safna og flytja skepnuúrgang, sem mikil áhætta fylgir, beint í vinnslustöð sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Við sérstakar aðstæður getur tilnefnd vinnslustöð verið staðsett í öðru aðildarríki, einkum þegar fjarlægðir eða flutningstími gefa tilefni til.

Takmarka ber notkun ákveðinna efna.

Svo að tekið sé tillit til ákveðinna venja ætti að vera hægt að víkja frá reglum sem settar eru um vinnslu úrgangsefna sem nota á undir eftirliti.

Vinnslustöðvar ættu sjálfar að sjá um eftirlit með framleiðslu sinni, einkum skulu þær fylgja örverufræðilegum stöðlum fyrir hina fullunnu vöru.

Kveðið skal á um skoðunarreglur sem gilda í bandalaginu öllu.

Viðkomandi afurðir skulu heyra undir reglur um heilbrigðiseftirlit og allar varnarráðstafanir sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um heilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin lifandi dýr og afurðir með fullmótun innra markaðarins fyrir augum <sup>(4)</sup>.

Kveðið skal á um lágmarksreglur til bráðabirgða fyrir innfluttar afurðir.

Rétt er að koma á samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í því skyni að samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 327, 30. 12. 1989, bls. 76.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 260, 15. 10. 1990, bls. 161.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 124, 21. 5. 1990, bls. 4.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

## 1. gr.

1. Í tilskipun þessari er mælt fyrir um:
  - a) kröfur, til verndar heilsu dýra og manna, sem gerðar eru um:
    - i) förgun og/eða vinnslu skepnuúrgangs til að eyða lifandi smitefnum sem kunna að vera til staðar í þeim,
    - ii) framleiðslu fódurs úr dýraríkinu á þann hátt að komið verði í veg fyrir lifandi smitefni í því;
  - b) reglur um markaðssetningu skepnuúrgangs til annarra nota en mannelis.
2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á:
  - a) innlenda dýralækningalöggjöf um útrýmingu og eftirlit með ákveðnum sjúkdómum og notkun matarleifa;
  - b) innlendar dýraheilbrigðisreglur um framleiðslu blandaðs fódurs sem er bæði úr efnum úr dýra- og jurtaríkinu og fódurs sem er eingöngu úr efnum úr dýraríkinu.

## 2. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. skepnuúrgangur — skrokkar eða hlutar dýra eða fiska eða afurðir úr dýraríkinu sem eru ekki ætlaðar beint til mannelis, að undanskildum saur og matarleifum;
2. áhættusöm efni — skepnuúrgangur sem um getur í 3. gr. og grunur leikur á að geti stofnað heilsu dýra og manna í vöðva;
3. áhættulít efni — skepnuúrgangur sem fellur ekki undir 3. gr. og er ekki mikil hættu á að breiði út smitsjúkdóma til dýra eða manna;
4. vinnslustöð fyrir áhættulít efni — vinnslustöð þar sem efni í skepnufóður eða fiskimjöl er unnið úr áhættulítu efni í samræmi við 5. gr.;
5. vinnslustöð fyrir áhættusöm efni — vinnslustöð þar sem skepnuúrgangur er meðhöndlaður eða unninn í þeim tilgangi að eyða lifandi smitefnum í honum, í samræmi við 3. gr.;

6. gæludýrafóður — fóður fyrir hunda, ketti og önnur gæludýr, unnin eingöngu eða að hluta úr áhættulítum efnum;
7. tækni- eða lyfjavörur — vörur sem ætlaðar eru til annars en dýra- eða mannelis;
8. starfsstöð — vinnslustöð fyrir áhættulít efni, vinnslustöð fyrir áhættusöm efni, vinnslustöð sem framleiðir gæludýrafóður eða fiskimjöl eða vinnslustöð sem framleiðir tækni- eða lyfjavörur og notar skepnuúrgang við þessa framleiðslu;
9. lögbært yfirvald — hvert það yfirvald sem þar til bært stjórnvald tilnefnir til að hafa eftirlit með framkvæmd tilskipunar þessarar.

## II. KAFLI

## REGLUR UM VINNSLU SKEPNUÚRGANGS OG MARKAÐSSETNINGU FULLUNNINNA AFURÐA

## A. Áhættusöm efni

## 3. gr.

1. Eftirtalin áhættusöm efni verður að vinna í vinnslustöðvum fyrir áhættusöm efni sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við 1. mgr. 4. gr. eða farga þeim með því að brenna þau eða grafa í samræmi við 2. mgr.:
  - a) alla nautgripi, svín, geitur, kindur, hófdýr, alifugla og allar aðrar skepnur sem haldnar eru til landbúnaðarframleiðslu og drepist hafa á býlinu en ekki verið slátrað til mannelis, að meðtöldum afkvæmum sem fæðast andvana og fóstrum;
  - b) dauðar skepnur sem ekki er getið um í a-lið en lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu tilnefnir;
  - c) skepnur sem skornar eru niður, annaðhvort á býlinu eða öðrum stað sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir, til að hindra útbreiðslu sjúkdóma;
  - d) skepnuúrgang, að meðtöldu blóði úr skepnum sem sýna merki um sjúkdóma sem geta borist til manna eða annarra dýra við dýralæknisskoðun meðan á slátrun stendur;
  - e) alla þá hluta skepnu sem slátrað er á venjulegan hátt og eru ekki krufnir, að undanskildum húðum, skinnum, hófum, fjöðrum, ull, hornum, blóði og áþekktum afurðum;
  - f) allt kjöt, alifuglakjöt, fiskur, villibráð og fæða úr dýraríkinu sem er skemmd og getur því verið hættuleg heilsu manna og dýra;

- g) dýr, nýtt kjöt, alifuglakjöt, fiskur, villibráð og kjöt og mjólkurafurðir sem flutt eru inn frá löndum utan bandalagsins og standast ekki, við þá skoðun sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins, skilyrði sem sett eru um heilbrigðisefirlit með dýrum vegna innflutnings þeirra til bandalagsins nema afurðirnar séu fluttar út aftur eða innflutningur á þeim samþykktur með takmörkunum sem mælt er fyrir um í ákvæðum bandalagsins;
- h) búfénað sem drepst við flutninga, með fyrirvara um tilvik þar sem slátrun fer fram í skyndi af tillitssemi við dýrið;
- i) skepnuúrgangur sem inniheldur leifar efna er reynst gætu hættuleg heilsu manna eða dýra; mjólk, kjöt eða afurðir úr dýraríkinu sem eru óhæfar til mannelis þar eð þær innihalda leifar af þessu tagi;
- j) fiskur sem sýnir merki um sjúkdóma sem borist gætu til manna eða fiska.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að ákveða, þegar nauðsyn ber til, að farga verði áhættusömum efnum með því að brenna þau eða grafa ef:

- synjað er um flutning sýktra dýra eða dýra sem grunur leikur á að séu haldin dýrafarsótt til næstu vinnslustöðvar vegna hættu á útbreiðslu sóttarinnar,
- dýr eru sýkt eða grunur leikur á að þau séu haldin alvarlegum sjúkdómum eða beri í sér leifar sem reynst gætu hættulegar heilsu manna eða dýra og lifað af ófullnægjandi hitameðferð,
- útbreidd dýrafarsótt leiðir til þess að vinnslustöð fyrir áhættusöm efni hefur ekki lengur bolmagn til að taka við þeim,
- viðkomandi skepnuúrgangur er frá stöðum sem eru lítt aðgengilegir,
- ekki er réttlætjanlegt að hirða úrganginn, miðað við magn og fjarlægð.

Grafa verður nægilega djúpa gröf til að koma í veg fyrir að kjötætur grafi upp skrokkana eða úrganginn og staðurinn þarf að vera heppilega valinn til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns eða umhverfisþjóll. Áður en skrokkarnir eða úrgangurinn er grafinn skal úða hann með víðeigandi sóttþreinsi sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt.

#### 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna eina eða fleiri vinnslustöðvar fyrir söfnun og vinnslu áhættusams efnis fyrir allt yfirráðasvæði sitt eða hluta þess. Aðildarríki er heimilt að ákveða að vísa á vinnslustöð fyrir áhættusöm efni í öðru aðildarríki í samkomulagi við það aðildarríki.

2. Til að fá samþykki lögbærra yfirvalda verða vinnslustöðvar fyrir áhættusöm efni að:

- a) uppfylla kröfur í I. kafla II. viðauka;
- b) meðhöndla, vinna og geyma skepnuúrgangur í samræmi við kröfur í II. kafla II. viðauka;
- c) sæta eftirliti lögbærra yfirvalda í samræmi við 10. gr.;
- d) sjá til þess að vinnsluvörur fullnægi kröfum í III. kafla II. viðauka.

3. Viðurkenning skal felld úr gildi um leið og skilyrðum fyrir veitingu hennar er ekki lengur fullnægt.

### B. Áhættulítill efni

#### 5. gr.

1. Áhættulítill efni verður að vinna í vinnslustöðvum fyrir áhættulítill eða áhættusöm efni í samræmi við 2. mgr. 4. gr., í vinnslustöð fyrir gæluþrafóður eða í vinnslustöð sem býr til lyfja- eða tæknivörur, eða farga þeim með því að brenna þau eða grafa í samræmi við 2. mgr. 3. gr.

Auk skepnuúrgangsins sem getur í 3. mgr. 2. gr. teljast eftirfarandi efni áhættulítill:

- afurðir sem undanskildar eru ákvæðum e-liðar 1. mgr. 3. gr. svo fremi þær séu notaðar í framleiðslu fódurs,
- fiskur sem veiddur er á hafi úti til fiskimjölsframleiðslu,
- nýr fiskúrgangur frá vinnslustöðvum sem vinna matvæli til mannelis úr fiski.

Blanda af áhættulítill efnum sem unnin eru ásamt áhættusömum efnum telst til áhættusamra efna.

Þegar áhættulítill efni eru unnin í vinnslustöð fyrir gæluþrafóður eða vinnslustöð þar sem tækni- eða lyfjavörur eru unnar er lögbæru yfirvaldi heimilt að krefjast þess að það sé sent, geymt og unnið á tilgreindum stað og við tilgreind skilyrði.

Fiskimjöl úr iðnaði sem tekur á móti og framleiðir einungis áhættulítill efni til framleiðslu fiskimjöls verður að uppfylla kröfur í III. kafla II. viðauka.

2. Til að lögbært yfirvald samþykki vinnslustöðvar fyrir áhættulítill efni verða þær að:

- a) uppfylla kröfur í I. kafla II. viðauka;
- b) meðhöndla, vinna og geyma skepnuúrgang í samræmi við kröfur II. kafla II. viðauka;
- c) sæta eftirliti lögbærra yfirvalda í samræmi við 10. gr.;
- d) sjá til þess að vinnsluvörur fullnægi kröfum í III. kafla II. viðauka.

Samþykki skal felld úr gildi um tíma um leið og skilyrðum fyrir veitingu þess er ekki lengur fullnægt.

3. Starfsstöðvar, sem nota áhættulítill efni við framleiðslu gæludýrafóðurs eða tækni- eða lyfjavara verða að vera á skrá hjá lögbæru yfirvaldi og uppfylla eftirtaldar kröfur:

- a) hafa nægilega aðstöðu til að geyma og meðhöndla skepnuúrgang við fullkomin öryggisskilyrði;
- b) hafa næga aðstöðu til að eyða ónotuðum og ónunnum skepnuúrgangi sem gengur af í framleiðslu gæludýrafóðurs og tækni- eða lyfjavara eða senda þær í vinnslustöð eða brennsluofn;
- c) hafa viðeigandi aðstöðu til að eyða úrgangsefnum sem verða til við framleiðsluna og eru ónothæf í aðra dýrafæðu vegna þess að þau gætu reynst hættuleg heilsu dýra og manna. Í þessari aðstöðu verður að vera brennsluofn eða aðstaða til grefrunar á heppilegum stað til að koma í veg fyrir mengun í vatnsæðum eða umhverfisspjöll;
- d) sæta skoðun lögbærs yfirvalds með reglubundnu milli-bili til að kanna hvort þær uppfylli kröfur tilskipunar þessarar.

6. gr.

Meðhöndlun ákveðinna vara, sem eru einungis unnar úr dýrum eða fiski og ekki ætlaðar til manneldis, við framleiðslu gæludýrafóðurs og skilyrðin sem þær eru framleiddar við ber að ákveða samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 19. gr., að því marki sem það er nauðsynlegt til að vernda gæludýr eða heilsu manna eða dýra.

#### C. Undanþágur

7. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa í undantekningartilvikum og undir heilbrigðiseftirliti lögbærra yfirvalda:

- i) notkun skepnuúrgangs í vísindaskyni;

- ii) notkun skepnuúrgangs sem um getur í a-, b- og e-lið 1. mgr. 3. gr., að því tilskildu að þær komi frá skepnum sem var ekki slátrað vegna tilkynningaskylds sjúkdóms eða gruns um slíkan sjúkdóm, og skepnuúrgangsins sem um getur í 5. gr. í fóður fyrir dýragarða, hringleikahús eða loðdýr, leyfða hundahópa og ræktun maðka til beitu;
- iii) svæðisbundna dreifingu, í höndum milligöngumanna sem til þess hafa leyfi þegar tilskipun þessi er samþykkt, lítils magns úrgangsins sem um getur í ii-lið til nota í fóður handa dýrum sem gefa ekki af sér kjöt til manneldis, að því tilskildu að lögbært yfirvald álíti að þetta stofni heilsu manna og dýra ekki í hættu.

Ráðinu ber, með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að samþykkja reglur fyrir 31. desember 1992 um dýralækningar og heilbrigði dýra sem taka til meðhöndlunar tiltekins úrgangs sem ætlaður er á markað í héraðinu sem fóður fyrir tilteknar tegundir dýra.

Framkvæmdastjórnin skilar skýrslu um beitingu ákvæða iii-liðar samtímis framangreindri tillögu.

Meðan beðið er eftir því að komið verði á sérstökum reglum skulu sláturhús uppfylla staðlana sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995.

Notfæri aðildarríkin sér þennan kost skulu þau tilkynna það framkvæmdastjórninni ásamt þeim eftirlitsráðstöfunum sem þau gera til að hindra að slíkur úrgangur verði notaður í öðrum tilgangi.

Í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 18. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að breyta eða auka við þær eftirlitsráðstafanir sem gerðar hafa verið.

#### D. Almenn ákvæði

8. gr.

Skepnuúrgangi verður að safna, flytja og auðkenna í samræmi við I. viðauka.

#### III. KAFLI

#### EFTIRLIT OG SKOÐUN SEM HVERT AÐILDARRÍKI VERÐUR AÐ LÁTA FARA FRAM Í VINNSLUSTÖÐVUM FYRIR ÁHÆTTUSÖM OG ÁHÆTTULÍTIL EFNI Á YFIRRÁÐASVÆÐI SÍNU

9. gr.

Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að sjá til þess að þeir sem reka og eiga vinnslustöðvar fyrir áhættusöm og áhættulítill efni eða fulltrúar þeirra geri allar nauðsynlegar ráðstafanir

til að hlíta kröfum tilskipunar þessarar, þau skulu einkum og sér í lagi:

- ákveða og hafa eftirlit með áhættustöðum í vinnlustöðvum fyrir áhættusöm og áhættulít efni,
- taka sýni í fiskimjölsverksmiðjum og sýni úr hverri unninni lotu í öðrum vinnlustöðvum fyrir áhættulít- il og áhættusöm efni til að athuga hvort þau uppfylli örverufræðilega staðla fyrir vöruna sem kveðið er á um í III. kafla II. viðauka og hvort þau séu laus við eðlis-efnafræðilegar leifar,
- skrá niðurstöður eftirlits og prófa hverju sinni og hafa þær til reiðu fyrir lögbær yfirvöld í tvö ár hið minnsta,
- koma á kerfi sem gerir það kleift að vita hvenær hver framleiðslulota var framleidd.

2. Fullnægi niðurstöður úr prófum á sýnunum, sem krafist er samkvæmt þessari grein, ekki ákvæðum III. kafla II. viðauka verður sá sem rekur vinnlustöðina að:

- tilkynna lögbæru yfirvaldi það þegar í stað,
- grafast fyrir um hvers vegna ákvæðunum var ekki fullnægt,
- sjá til þess að ekkert efni sem grunað eða vitað er að sé sýkt sé flutt af staðnum fyrir en það hefur verið endurnið undir beinu eftirliti lögbærs yfirvalds og sýni úr því prófað opinberlega til að farið sé að ákvæðum um örverufræðilegt eftirlit, sem mælt er fyrir um í III. kafla II. viðauka; sé þess enginn kostur að endurvinnna hið sýkta efni verður að nota það í annað en skepnufóður.

3. Í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 18. grein skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessarar greinar.

#### 10. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu láta fara fram skoðun með reglulegu millibili og gera slembiathuganir á tilnefndum vinnlustöðvum fyrir áhættusöm og áhættulít efni til að kanna:

- hvort þau fullnægi ákvæðum tilskipunar þessarar og einkum með hliðsjón af I. viðauka og I., II. og III. kafla í II. viðauka,
- örverufræðilegt ástand vörunnar að vinnslu lokinni. Örverufræðilegt eftirlit felur meðal annars í sér leit að salmonelli og iðrabakteríum í samræmi við III. kafla II. viðauka.

Greiningar og próf skulu fara fram í samræmi við viðurkenndar vísindaaðferðir, einkum aðferðir sem mælt er fyrir um í ákvæðum bandalagsins eða, séu þær ekki til, í samræmi við viðurkennda alþjóðastaðla.

2. Leiði skoðun lögbærs yfirvalds í ljós að ekki hefur verið farið að öllum kröfum þessarar tilskipunar verður það að grípa til viðeigandi aðgerða. Hafi ákvæðum þessarar greinar ekki verið fullnægt, með tilliti til örverufræðilegra staðla og mismunandi gerða örverufræðilegs eftirlits, verður framleiðandi að:

- tilkynna lögbærum yfirvöldum þegar í stað í smáatriðum um eiginleika sýnisins og lotunnar sem það var tekið úr,
- vinna eða endurvinnna sýktu lotuna undir eftirliti lögbærs yfirvalds,
- efla sýnatöku og prófanir á framleiðslunni,
- rannsaka skrár um hráefnið sem snerta hið fullunna fóðursýni,
- afmenga og hreinsa vinnlustöðina.

3. Í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 19. grein skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn ber til, samþykkja ítarlegar ráðstafanir til að framkvæma ákvæði þessarar greinar.

#### 11. gr.

Hvert aðildarríki skal útbúa skrá yfir viðurkenndar vinnlustöðvar fyrir skepnuúrgang á yfirráðasvæði sínu. Hver stöð skal auðkennd með opinberu númeri sem gefur til kynna hvort vinnlustöðin sé fyrir áhættusöm eða áhættulít efni eða framleiði gæludýrafóður eða tækni- eða lyfjavörur úr skepnuúrganginum.

Aðildarríkin skulu senda skrá þessa og allar leiðréttingar, sem kunna að vera gerðar á henni, til hinna aðildarríkjana og framkvæmdastjórnarinnar.

#### IV. KAFLI

#### 12. gr.

1. Sérfræðingum í dýralækningum á vegum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja samræmda beitingu tilskipunar þessarar og í samvinnu við innlend yfirvöld, að framkvæma eftirlit á staðnum, einkum til að sannprófa hvort viðurkenndar stöðvar fari í raun að ákvæðum tilskipunar þessarar. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um niðurstöður þessa eftirlits.

Þegar eftirlit fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið veita sérfræðingunum alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra.

Samþykking ber almennar ráðstafanir til framkvæmdar þessari grein í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 19. gr.

2. Hlutaðeigandi aðildarríkjum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að niðurstöður eftirlits þess sem um getur í 1. mgr. verði teknar til greina, meðal annars skulu þau banna markaðssetningu vara úr vinnslustöðvum sem uppfylla ekki lengur ákvæði tilskipunar þessarar. Geri aðildarríki engar slíkar eða ónógar ráðstafanir gilda ákvæði 8. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um heilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins með fullmótun innra markaðarins fyrir augum <sup>(1)</sup>.

13. gr.

1. Tilskipun 90/425/EBE gildir, einkum að því er varðar skipulagningu og áframhaldandi eftirlit í viðtökulandi og þær varnarráðstafanir sem beitt er.

2. Eftirfarandi breytingar verði á tilskipun 90/425/EBE:

- a) í lok viðauka A bætist við ný málsgrein svohljóðandi:  
„Tilskipun 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr dýrafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE.

Stjtið. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.“;

- b) fyrsti undirliður í viðauka B falli niður.

14. gr.

Framkvæmdastjórninni ber, í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir í 18. gr., að fastsetja hreinlætiskröfur sem gerðar eru til framleiðslu gæludýrafóðurs úr skepnuúrgangi.

Framkvæmdastjórninni ber, í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir í 18. gr., að fastsetja viðmiðanir fyrir sýnatöku og örverufræðilegt eftirlit.

V. KAFLI

#### LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

1. Framkvæmdastjórninni ber, í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 19. gr., að fastsetja ítarlegar reglur um tilhögun og tíðni eftirlits þess sem kveðið er á um í 9. gr. og 1. mgr. 10. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

2. Framkvæmdastjórninni ber, í samræmi við sömu málsmeðferð, að fastsetja tilvísunaraðferðir fyrir örverufræðilegar greiningar.

16. gr.

Ráðinu ber að samþykka með auknum meirihluta tillögu framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á viðaukum við tilskipun þessa og, einkum með hliðsjón af aukinni þekkingu vísindamanna á því hvernig hægt er að hafa stjórn á nautariðu (BSE), ákvæðum um meðhöndlun sem kveðið er á um í a- og c-lið 6. liðar í II. kafla.

17. gr.

Meðan þess er beðið að framfylgt verði reglum bandalagsins um innflutning skepnuúrgangs og gæludýrafóðurs úr skepnuúrgangi frá löndum utan bandalagsins ber aðildarríkjunum að setja skilyrði fyrir þessum innflutningi, sem eru að minnsta kosti sambærileg við skilyrðin sem sett eru með þessari tilskipun, að undanskildum skilyrðum er lúta að samþykki.

Einkum og sér í lagi skulu þau ekki leyfa innflutning áhættulítilla eða áhættusamra efna sem um getur í g- til i-lið 1. mgr. 3. gr. og hafa verið meðhöndluð áður, nema landið utan bandalagsins geti tryggt að efnið hafi fengið fullnægjandi meðhöndlun og samrýmist örverufræðilegum stöðlum sem settir eru í III. kafla II. viðauka.

Bannað er að flytja inn áhættusömu efnin sem um getur í a-til f-lið 1. mgr. 3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess með innflutningseftirliti að þessum lágmarkskröfum verði hlíf.

18. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málum án tafar til fastanefndar um dýralækningar sem stofnuð var með ákvörðun 68/361/EBE <sup>(2)</sup> (hér eftir kölluð „nefndin“), annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis.

2. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir í 2. mgr. 148. gr. stofnsáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum innan tveggja daga. Álit skulu samþykkt með fimmtíu og fjögurra atkvæða meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka áformaðar ráðstafanir og framkvæma þær þegar í stað séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

5. Ef áformaðar ráðstafanir eru ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitni ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan fimmtán daga frá því að málinu var vísað til þess skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

*19. gr.*

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málum án tafar til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk fulltrúa aðildarríkis.

2. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. stofnsáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitni sínu á drögnum innan þess frests sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með fimmtíu og fjögurra atkvæða meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja áformaðar ráðstafanir og framkvæma þær þegar í stað séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

5. Ef áformaðar ráðstafanir eru ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitni ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til þess skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

*20. gr.*

Ráðinu ber að samþykkja, fyrir 31. desember 1992 með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, heilbrigðisreglur fyrir dýr sem fara verður eftir við framleiðslu fódurs sem inniheldur dýra- og jurtaafurðir og hreinlætisreglur sem fara verður eftir við framleiðslu fódurs sem er einungis búið til úr efnum úr jurtaríkinu.

*21. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli, eigi síðar en 31. desember 1991, til að fara að tilskipun þessari.

2. Sambandslýðveldið Þýskaland skal þó fá eitt ár til viðbótar til að fara að tilskipun þessari á yfirráðasvæðum fylkjanna Mecklenburg-Vorpommern, Brandenburg, Sachsen-Anhalt, Sachsen og Thüringen.

Sambandslýðveldið Þýskaland skal, eigi síðar en 30. júní 1992, leggja skýrslu um förgun skepnuúrgangs í framangreindum fylkjum fyrir ráðið og hin aðildarríkin innan fastanefndar fyrir dýralækningar.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 19. gr. um frekari bráðabirgðarástafanir fyrir ákveðnar starfsstöðvar sem staðsettar eru í þessum fylkjum.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanir þær sem um getur í 1. mgr. skal tilvísun í þessa tilskipun koma fram í þeim eða fylgja þeim þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um aðferðir við tilvísanir af þessu tagi.

*22. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1990.

*Fyrir hönd ráðsins,*

V. SACCOMANDI

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***HREINLÆTISKRÖFUR VIÐ SÖFNUN OG FLUTNING SKEPNUÚRGANGS**

1. Safna verður skepnuúrgangi og flytja hann til viðurkenndra starfsstöðva eða vinnslustöðva fyrir áhættusöm eða áhættulítill efni í viðeigandi geymum eða ökutækjum og á þann hátt að komið verði í veg fyrir leka. Geymarnir eða ökutækin verða að vera lokuð á fullnægjandi hátt.
2. Ökutækjum, yfirbreiðslum og margnota geymum verður að halda hreinum.
3. Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með flutningum á áhættusömum efnum með því að krefjast þess að skrá og skjölum, sem fylgja skulu efnum þessum á förgunarstað, verði haldið til haga eða með innsigli ef þurfa þykir.
4. Þegar tiltekna kjöt-, mjólkur- og fiskafurðir, sem eru ekki ætlaðar til manneldis en eru af skepnum eða fiski sem samþykkt hefur verið að megi nota kjöt af eða mjólk úr til manneldis, eru fluttar beint í búlkum til vinnslustöðvar verður einnig að skrá upplýsingar um uppruna, heiti og eðli skepnuúrgangsins og orðin „ekki til manneldis“, með stöfum sem eru 2 cm á hæð hið minnsta, á merkimiða sem festur er á geyma, kassa eða aðrar umbúðir.

## II. VIÐAUKI

**HREINLÆTISKRÖFUR Í VINNSLUSTÖÐVUM FYRIR SKEPNUÚRGANG**

## I. KAFLI

**Kröfur sem uppfylla verður til að fá samþykki fyrir vinnslustöðvum skepnuúrgangs**

1. Athafnasvæði og aðstaða verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:
  - a) athafnasvæði vinnslustöðvar verður að vera aðskilið á fullnægjandi hátt frá opinberum þjóðbrautum og öðrum athafnasvæðum, svo sem sláturhúsum. Athafnasvæði vinnslustöðva fyrir áhættusöm efni mega ekki vera á sömu lóð og sláturhús nema þau séu í sérstakri byggingu; aðgangur að vinnslustöðinni skal bannaður óviðkomandi fólki og dýrum;
  - b) í vinnslustöðinni verða að vera hrein og óhrein svæði, aðskilin á fullnægjandi hátt. Á óhreina svæðinu verður að vera lokaður klefi fyrir skepnuúrgang, útbúinn á þann hátt að auðvelt sé að þrifa hann og sótthreinsa. Gólf verður að leggja þannig að auðvelt sé að veita vökva burt. Vinnslustöðin verður að hafa fullnægjandi salerni, búningsherbergi og handlaugar fyrir starfsfólkið; á óhreina svæðinu, eftir því sem við á, verður að vera fullnægjandi aðstaða fyrir fláningu skrokka eða rotun og geymslu húða;
  - c) í vinnslustöðinni verður að vera nægilegt rými og heitt vatn og gufa til að vinna skepnuúrgang í samræmi við II. kafla;
  - d) á óhreina svæðinu verður, eftir því sem við á, að vera búnaður til að minnka umfang skepnuúrgangs og búnaður til að moka krömdum skepnuúrganginum upp í vinnsluvélarnar;
  - e) krafist er lokaðrar vinnsluvélasamstæðu þar sem skepnuúrgangurinn skal unninn í samræmi við II. kafla. Sé krafist meðhöndlunar með hita skal vélasamstæðan vera búin:
    - mælingartækjum til að mæla hitastig og, ef nauðsyn krefur, þrýsting á áhættustöðum,
    - sírita til að skrá án afláts niðurstöður mælinganna,
    - fullnægjandi öryggiskerfi til að koma í veg fyrir ónóga hitun;
  - f) til að koma í veg fyrir að hráefni sem kemur inn spilli hinu fullnna efni verður að skilja skýrt á milli þess hluta vinnslustöðvarinnar þar sem hráefni sem kemur inn er affermt og unnið og þess hluta sem ætlaður er til áframhaldandi vinnslu hins upphitaða efnis og geymslu fullunninnar vöru.
2. Vinnslustöðin verður að hafa viðunandi aðstöðu til að þrifa og sótthreinsa geyma eða ílát sem skepnuúrgangur kemur í og flutningatækin — önnur en skip — sem hann er fluttur með.
3. Sjá verður til þess að fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi til að sótthreinsa, rétt fyrir brottför, hjól á ökutækjum sem flytja áhættusöm efni eða aka burt af hinu óhreina svæði vinnslustöðvarinnar.
4. Krafist er fráveitukerfis fyrir skólþ í vinnslustöðinni sem uppfyllir hreinlætiskröfur.
5. Vinnslustöðin verður að hafa eigin rannsóknarstofu eða nýta sér þjónustu rannsóknarstofu sem hefur búnað til að gera nauðsynlegustu efnagreiningar og, einkum og sér í lagi, kanna hvort farið er að kröfum III. kafla.

## II. KAFLI

**Hreinlætiskröfur í starfsemi vinnslustöðva skepnuúrgangs**

1. skepnuúrgang verður að vinna eins fljótt og hægt er eftir að tekið er við honum. Hann verður að geyma á réttan hátt þar til vinnslu hans lýkur.
2. Geymar, ílát og ökutæki sem notuð eru við flutning á skepnuúrgangi verður að þrifa, þvo og sótthreinsa eftir hverja notkun.
3. Þeir sem vinna á óhreina svæðinu mega ekki fara inn á hreina svæðið án þess að skipta um vinnuföt, skófatnað eða án þess að sótthreinsa skófatnaðinn. Búnað og áhöld má ekki flytja frá óhreina svæðinu yfir á hreina svæðið.

4. Skólp frá óhreina svæðinu verður að meðhöndla til að tryggja að engin lifandi smitefni verði eftir.
5. Gera verður kerfisbundnar varúðarráðstafanir gegn fuglum, nagdýrum, skordýrum og öðrum meindýrum.
6. Skepnuúrgangur verður að vinna við eftirfarandi skilyrði:
  - a) áhættusöm efni verður að hita þannig að kjarninn nái að minnsta kosti  $133^{\circ}$  C í tuttugu mínútur við þrýsting sem er þrjú bör. Kornastærð hráefnis verður að minnka fyrir vinnslu um að minnsta kosti 50 mm í mólunarvél eða kvörn;
  - b) sjá verður fyrir sjálfritandi hitamæli á áhættustöðum í hitunarferlinu til að fylgjast með hituninni;
  - c) nota má aðrar aðferðir fyrir hitameðferð að því tilskildu að samþykkt sé í samræmi við málsmeðferð þá sem sett er fram í 19. gr. að þær tryggi jafnmikið örverufræðilegt öryggi.  
Aðeins er hægt að samþykkja aðrar aðferðir við hitameðferð þegar sýni hefur verið tekið daglega af hinni fullunnu vöru í meira en mánuð til að tryggja að hún uppfylli örverufræðilegu staðlana sem settir eru fram í 1. og 2. lið III. kafla. Halda verður áfram að taka sýni af vörunum að staðaldri eins og kveðið er á um í 1. mgr. 9. og 1. mgr. 10. gr.
7. Sjá verður til þess að véllum og búnaði sé vel viðhaldið og mælitæki verður að kvarða með reglulegu millibili.
8. Fullunnar vörur verður að meðhöndla og geyma í vinnslustöðinni á þann hátt að komið verði í veg fyrir að þær spillist.
9. Húðir verður að salta með natríumklóríð.

### III. KAFLI

#### Kröfur sem gerðar eru til vörunnar eftir vinnslu

1. Þegar um áhættusöm efni er að ræða verða sýni fullunninna vara, sem tekin eru strax að lokinni hitameðferð, að vera laus við hitaþolin sýklagró (*Chlostridium perfringens* ekki til staðar í 1 g vörunnar).
2. Sýni af fullnum vörum úr bæði áhættulitlum og áhættusömum efnum, sem tekin eru á meðan vörunar eru í geymslu eða verið er að taka þær úr geymslu í vinnslustöðinni, verða að uppfylla eftirfarandi staðla:  
Salmonella: engin í 25 g;  $n = 5$ ,  $c = 0$ ,  $m = 0$ ,  $M = 0$ ,  
Iðrabakteríur:  $n = 5$ ,  $c = 2$ ,  $m = 10$ ,  $M = 3 \times 10^2$  í 1 g,  
þar sem

- |   |   |   |
|---|---|---|
| n | = | fjöldi eininga í sýninu;  |
| m | = | lágmarksfjöldi baktería; niðurstöður teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í einni eða fleiri sýniseiningum er ekki meiri en m;                                 |
| M | = | hámarksfjöldi baktería; niðurstöður teljast ekki fullnægjandi ef fjöldi baktería í einni eða fleiri sýniseiningum er M eða meiri;                                 |
| c | = | fjöldi sýniseininga þar sem fjöldi baktería kann að vera milli m og M, en sýnið telst samt ásætlanlegt ef fjöldi baktería í hinum sýniseiningunum er m eða minni. |
-